

Fréttabréf Brimvers - Æskukots

Mars 2016

„ljúfur, hýr eins og ævintýr“

Febrúar leið hratt, hér var líf og fjör enda margir skemmtilegir dagar í febrúar sem bjóða upp á ævintýri, samveru og leik. Öskudagurinn er alltaf töfrum hlaðinn þá getur allt gerst og ýmsir draumar ræst. Hingað mættu ýmsar ævintýrapersónur og slógu köttinn úr tunnunni. Bragðlaukarnir voru líka kættir með saltkjöti og baunum og rjómabollum. Í tilefni af konudegi var foreldrum og afa og ömmu boðið í heimsókn. Það var ánægjulegt hve margir mættu í morgunhressingu.



Eins og áður vil ég hvetja foreldra/forráðamenn til að hafa samband við undirritaða ef eitthvað er sem betur má fara í skólastarfinu, einnig ef þið hafið hugmyndir um það sem getur auðgað starf skólans.

Sigríður Birna Birgisdóttir, leikskólastjóri

Mikilvægar dagsetningar í mars

1. mars – Bókasafnsferð í BES, nemendur fæddir 2011

2. mars – Gulur litadagur

8. mars – Bókasafnsferð í BES, nemendur fæddir 2010
Þá verður fundur umhverfisnefndar leikskólans haldinn í BES kl. 10:40. Foreldrar eru velkomnir á fundinn.

15. mars - Bókasafnsferð í BES, nemendur fæddir 2012

16. mars – Páskaeggjaleit í boði foreldrafélaga leikskólans, kl. 10:00 fyrir nemendur í Æskukoti og kl. 16:00 fyrir nemendur í Brimveri.

17., 18. og 21. mars - Leikskólinn er lokaður 17., 18. og 21. mars vegna námsferðar starfsfólks leikskólans til Birmingham á Education Show. Þrjú starfsdagar á skólaárinu 2015-2016 eru nýttir í þessa ferð, ekki er um auka starfsdaga að ræða vegna hennar.

[Hér](http://www.education-show.com/) má sjá heimasíðu sýningarinnar <http://www.education-show.com/>

Páskafrí – leikskólinn er lokaður á skírdag, föstudaginn langa og annan í páskum.

29. mars – Bókasafnsferð í BES, nemendur fæddir 2010

Efnisyfirlit

Mikilvægar dagsetningar í mars	1
Konudagurinn	2
PALS stærðfræðiaðferðir fyrir leikskóla	2
Heilsubók barnsins - Foreldraviðtöl	2
Starfsmenn.....	3
Orðaskil – málþroskapróf.....	3
Skóli á grænni grein	4
6. fundur umhverfisnefndar 5	
Nemendur í umhverfisnefnd skólaárið 2015-2016	6
Fundargerð foreldraráðs.....	7
Starfsdagar og sumarfrí	7

Konudagurinn

Í tilefni af konudegi sem var sunnudaginn 21. febrúar var foreldrum, afa og ömmu boðið í leikskólann að morgni föstudagsins 19. febrúar sl. Þegar þeir börnin mættu í leikskólann. Boðið var upp á hafragraut, lýsi og ávexti. Við þökkum þeim fyrir komuna sem mættu til okkar, það er alltaf gaman að fá góða gesti í heimsókn.

PALS stærðfræðiaðferðir fyrir leikskóla

Í febrúar fóru fjórir kennarar leikskólans á PALS stærðfræðinámskeið. Í kjölfarið var ákveðið að prófa PALS stærðfræði með elsta árgangi leikskólans nú á vorönn. PALS stærðfræði er vel útfærð og fellur að námsþáttum leikskólans, þar sem unnið er með samskipti, læsi, sköpun og leik um leið og unnið er með stærðfræði. PALS stærðfræði er aðferð sem líka er verið að prófa með yngsta stiginu í BES. Með því að nýta þessa aðferð í leikskólanum verður ákveðin tenging á námi nemenda á milli skólastiga og sameiginleg þekking kennara á námsaðferðum og námsefni. Handbókin fyrir leikskólastigið heitir á frummálinu *Peer Assisted Learning Strategies, Math Methods for Kindergarten* en hefur á íslensku hlotið heitið Þör Að Læra Saman, Stærðfræðiaðferðir fyrir leikskóla.

Hægt er að kynna sér nánar PALS stærðfræði með því að lesa greinina *PALS stærðfræði á Íslandi*, höfundur greinar er Hulda Karen Daniélsdóttir. [Hér](http://tungumalatorg.is/sisl/files/2016/02/HULDA_PALS_edit4.pdf) er hægt að nálgast greinina eða á vefslóð http://tungumalatorg.is/sisl/files/2016/02/HULDA_PALS_edit4.pdf

Heilsubók barnsins - Foreldraviðtöl

Upplýsingar um þroska og færni hvers barns eru skráðar niður tvisvar á ári, að vori og hausti, í Heilsubók barnsins. Þar er að finna heildarsýn á stöðu þess út frá þroskaþáttum. Farið er yfir niðurstöðurnar í foreldraviðtölum. Heilsubók barnsins er ákveðinn leiðarvísir þar sem barnið á að vera í brennidepli í skólastarfi og stuðlar að því að unnið sé í anda heilsustefnunnar.

Skráningar í Heilsubók barnsins verða gerðar núna í mars og foreldraviðtöl tekin í kjölfar skráningar í mars/apríl þar sem foreldrar hitta deildarstjóra og hópstjóra. Deildarstjórar boða foreldra í viðtal.

Starfsmenn

Kristjana Valdís Guðjónsdóttir sem hefur starfað á Brimveri, bæði inni á Merkisteini og Kötlusteini, hætti störfum hjá okkur 1. mars. Við óskum Valdísi velfarnaðar og gæfu og þökkum henni kærlega fyrir góð kynni.

Alda Rose Cartwright hefur verið ráðin til starfa við leikskólann. Til að byrja með verður hún mest inni á Fiskakletti á Æskukoti. Alda Rose hefur lokið mastersnámi í listgreinakenndu og er með kennsluréttindi á grunnskóla- og framhaldsskólastigi. Við bjóðum Öldu Rose velkomna til starfa hjá okkur í Brimveri – Æskukoti.

Orðaskil – málþroskapróf


Kynningarbréf frá fræðslustjóra Árborgar um Orðaskil – málþroskapróf má sjá á heimasíðu Árborgar. Áætlað er að Orðaskil verði lagt fyrir einu sinn á leikskólagöngu barns á aldursbilinu 2,9 ára til 3,0 ára. [Hér](http://www.arborg.is/ordaskil-malthroskaprof/) má sjá kynningarbréfið og á vefslóðinni <http://www.arborg.is/ordaskil-malthroskaprof/>

Skóli á grænni grein

Í nóvember fréttabréfi leikskólans sögðum við frá verkefninu „Skóli á grænni grein“ þar sem unnið er að því að Heilsuleikskólinn Brimver – Æskukot fái Grænfánann. Elsti árgangur, 11 börn f. 2010, er í umhverfisnefnd skólans ásamt starfsfólki og eru foreldrar ávallt velkomnir á fundi. Þemað sem við leggjum áherslu á er lýðheilsa. Við ræðum um heilsu, líkamann, líkamsheiti, tilfinningar og líðan. Hvernig er heilsa okkar í skólanum? Hreyfum við okkur nóg? Hvað getum við gert til að hreyfa okkur meira í daglegu lífi? Borðum við hollan mat? Líður okkur vel í skólanum og daglega lífinu? Erum við góð hvert við annað? Erum við dugleg að vera úti í náttúrunni?

Skólar á grænni grein þurfa að hafa tekið a.m.k. sjö eftirfarandi skref til bættrar umhverfisstjórnunar til að fá Grænfánann:

1. Umhverfisnefnd
2. Umhverfismat
3. Markmiðasetning
4. Eftirlit og endurmat
5. Námsfngærð og verkefni
6. Upplýsa og fá aðra með
7. Umhverfissáttmáli



Nú teljum við okkur vera búin að stíga þessi sjö skref að einhverju leyti. Við erum að leggja lokahönd á greinargerð sem fer með umsókn okkar um Grænfána til Landverndar. Þar erum við að óska eftir úttekt á því hvar við stöndum og hugmyndum að næstu skrefum. Líta má á verkefnið sem starfendarannsókn þar sem kennarar eru stöðugt að leita leiða til að bæta starfið með því að leggja mat á stöðuna, ákveða markmið og aðgerðir þar sem ákveðið hringferli á sér stað.

Hér á eftir má sjá fundargerð frá fundi umhverfisnefndar, á þann fund fengum við góðan gest. Við viljum benda þeim sem hafa áhuga á að styðja við verkefnið, t.d. með fræðslu til nemenda eða kennara, að hafa samband við okkur. Það er alltaf gott að fá áhugasama aðila til liðs við verkefnið. Foreldrar eru alltaf velkomnir á fundi umhverfisnefndar.

6. fundur umhverfisnefndar

9. febrúar 2016

6. fundur haldinn á skólabókasafni BES á Stokkseyri

Mætt: Anton Marel, Angelika Helena, Almar Elí, Daníel Örn, Emilía Dís, Krístrún Birta, Þórdís Katla, Þorsteinn Jón, Stefanía Vala, Hannes Breki, Gabríel Þór (nemendur), kennarar: Hjördís Heiða, Kolfinna Rún, Guðný Ósk, Hafdís og Sigríður Birna. Gestur fundarins var Sigrún Ína, hjúkrunarfræðingur og foreldri í leikskólanum.

Við fengum góðan gest til okkar á fundinn Sigrún Ína sem er að útskrifast sem hjúkrunarfræðingur ræddi við okkur um virðingu og hvernig við berum virðingu fyrir okkur og öðrum og sérstaklega hvernig við berum virðingu fyrir líkama okkar og hvernig hann bregst við ef við hugsum ekki vel um hann, og einnig hvað líkaminn er stórkostlegur að láta okkur vita ef við erum þreytt, svöng, döpur eða glöð. Við töluðum líka um hvað líkaminn er mikið kraftaverk og getur oft læknað sig sjálfur eins og þegar við fáum sár og marbletti þá getur hann oftast læknað sig sjálfur. Það er mikilvægt að hugsa vel um líkamann og heilsuna.

Miklar og áhugaverðar umræður spruttu um þetta og flestir höfðu eitthvað til málanna að leggja.

Einnig kom Sigríður Birna með margnota batterí og hleðslutæki fyrir leikskólann og fræddi okkur um hvernig það virkar. Við fengum líka vasaljós sem eru snúin í gang, það var mjög spennandi. Umhverfisnefndin fékk það verkefni að fara með batterí, hleðslutæki og vasaljós inn á deildir leikskólans og fræða með aðstoð kennara um hvernig á að nota, nýta og farga þeim. Einnig hefur umhverfisnefndin það hlutverk að fræða hina á leikskólanum um allt sem um var rætt á fundinum og er mikil spenna fyrir því.

Þessi fundur var mjög áhugaverður eins og allir hinir og börnin orðin mjög meðvituð um umhverfið sitt og líkama. Síðan var tekin mynd af umhverfisnefndinni og fundi slitið.

Næsti fundur verður 8 mars.

Nemendur í umhverfisnefnd skólaárið 2015-2016



Nemendur í umhverfisnefnd skólaárið 2015-2016 í Brimveri – Æskukoti.

Daníel Örn, Gabríel Þór, Þorsteinn Jón, Anton Marel. Almar Elí, Hannes Breki

Krísturún Birta, Angelika Helena, Stefanía Vala, Emilía Dís og Þórdís Katla.

*„Taktu jörðina huglægt í lófa þinn og veittu henni
umönnun, umvefðu hana friði með hugsunum þínum“*

Fundargerð foreldraráðs

Fundargerð foreldraráðs Æskukots og Brimvers, miðvikud. 2. mars 2016

Mættar: Hulda Gísladóttir, Ósk Pálsdóttir, Þóra Ósk Guðjónsdóttir, Vigdís Sigurðardóttir og Sigríður Birna leikskólastjóri.

1. Farið yfir leikskóladagatalið 2016-2017. Dagatalið er samræmt við skóladagatal BES. Farið yfir starfs – og sumarfrisdaga. Foreldraráð samþykkir þær tillögur sem bornar eru fram.
2. Foreldraráðið styður tillögur leikskólastjóra varðandi starfsdag 2. janúar 2017, til viðbótar við þá sem fyrir eru.
3. Leikskólastjóri kynnir læsisstefnu Árborgar sem unnið hefur verið að í vetur. Læsisstefna Hafnarfjarðar er fyrirmyndin. Unnið er að þessu í bæði grunn- og leikskóla. Leikskólastjóri kynnir skema sem unnið hefur verið fyrir leikskólabörn í Árborg, þar sem verkþættir, markmið og fl. eru sett upp í verkáætlun. Viðfangsefnin eru t.d. þau próf sem lögð eru fyrir er varða málþroska, hljóm- og málvitund, meðal annarra þátta. Verkefnið er á lokametrinum. Foreldraráðið fagnar þessu framtaki og styður heilshugar við það að umræða um læsi sé eflid.
4. Kynntur er fundur vegna Samborgar sem haldinn verður 9. mars kl. 16 og eru fulltrúar úr foreldrafélögum grunn- og leikskólanna hvattir til að mæta.
5. Leikskólastjóri kynnir stærðfræðipals. Foreldraráðið lýsir yfir hrifningu sinni á verkefninu.
6. Leikskólastjóri kynnir að sótt hefur verið um grænfánavottun. Foreldraráð styður framtakið.
7. Foreldraráð lýsir yfir ánægju sinni með störf ræstitækna á leikskólunum Brimveri og Æskukoti og harmar þær breytingar sem framundan eru. Foreldraráð lýsir yfir stuðningi sínum við þær Elínu Birnu og Dagbjörtu.

Eyrbakki 2. mars 2016

Starfsdagar og sumarfrí

- ✓ 17., 18. og 21. mars 2016, leikskólinn verður lokaður í þrjá starfsdaga vegna námsferðar starfsfólks til Birmingham.
- ✓ 27. apríl 2016, leikskólinn lokaður – Starfsdagur.
- ✓ Sumarfrí leikskólans 2016 er frá og með 30. júní til og með 3. ágúst.